

Alþingi
Erindi nr. P 131/1302
komudagur 14.4.2005



LÝÐHEILSUSTÖÐ

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10,
150 Reykjavík

Reykjavík 12.04.2005


Efni: umsögn um frumvarp til áfengis laga, 74. mál, auglýsingar.

Erindið hefur verið tekið til umfjöllunar hjá áfengis- og vímuvarnaráði. Í svari þessu er því álit Lýðheilsustöðvar eftir að áfengis- og vímuvarnaráð hefur fjallað um málið.

Verkefnastjóri áfengis- og vímuvarna ásamt áfengis- og vímuvarnaráði eru eftirlitsaðilar með að virt sé bann við auglýsingum um áfengi. Skýrar reglur gilda um bann við auglýsingum á áfengi, samkvæmt áfengislögum, en þó eru í gildi undanþágur frá lögnum sem gera auglýsendum, framleiðendum eða umboðsaðilum kleift að auglýsa áfengi. Undanþágurnar heimila m.a. að notuð séu firmanöfn eða merki áfengisframleiðenda í tengslum við auglýsingar á óáfengri drykkjarvöru, enda megi augljóst vera að um óáfenga drykki sé að ræða. Auglýsingar eru því oft með því formi að ákveðin bjórtegund er auglýst og með henni er skotið inn orðinu „léttöl“ með smáu lettri. Slíkar undanþágur auðvelda auglýsendum að markaðssetja vöru sína undir rögum formerkjum og stangast þar með á við samkeppnislög, sbr. 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, sem villandi eða að auglýsingin blekki. Í þessu samhengi er vert að benda á að Samkeppnisstofnun gerði könnun á þessum málaflokki og birtust niðurstöður hennar í Morgunblaðinu 28. júlí 2001. Í þeim niðurstöðum kom fram að þrjár erlendar bjórtegundir, sem höfðu verið auglýstar hér í sjónvarpi og sagðar óáfengar á þeim tíma, stóðu neytendum ekki til boða.

Árið 2004 sendi Lýðheilsustöð tíu ábendingar um auglýsingar á áfengi til saksóknara lögreglustjórans í Reykjavík og ábendingarnar eru orðnar fimm það sem af er þessu ári. Eftirlit með brotum á auglýsingabanni áfengis getur verið mjög umfangsmikið starf ef fylgjast á með öllum fjömiðlum og þeim stöðum þar sem möguleiki er á því að áfengi verði auglýst með einum eða öðrum hætti. Gott samstarf hefur verið um þetta við almenning en frá honum koma fjölmargar ábendingar um brot á banninu. Þá hefur verið gott samstarf við saksóknara lögreglustjórann í Reykjavík.

Lýðheilsustöð fagnar þessari tillögu sem sett er fram í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að áfeng vara sé auglýst sem óáfeng og með þeim hætti komist framhjá banni við áfengisauglýsingum. Ekki er hægt að segja með vissu að þessi lagabreyting komi algerlega í veg fyrir mistúlkun og misvisandi upplýsingar um ákveðnar vörutegundir en þetta þykir gott skref í rétta átt. Vonast er til að þetta auðveldi bæði Lýðheilsustöð og embætti saksóknara lögreglustjórans í Reykjavík að framfylgja lögum um bann við áfengisauglýsingum.



Anna Elísabet Ólafsdóttir,
forstjóri Lýðheilsustöðvar